

Reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála í uppsveitum Árnessýslu og Flóa

I. Almennt

1.gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3.mgr.14.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2.gr.

Starfsmenn félagsmálanefndar uppsveita Árnessýslu fara með einstök barnaverndarmál í umboði nefndarinnar.

Með starfsmönnum er átt við fastráðna starfsmenn og sjálfstætt starfandi sérfræðinga er taka að sér verkefni fyrir nefndina.

Félagsmálastjóra er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu mála eftir því sem rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu fer með hlutverk barnaverndarnefndar sveitarfélaganna Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps skv. samstarfssamningi sveitarfélaga uppsveita Árnessýslu og Flóa um félagsþjónustu frá 24.10.2007.

Félagsmálanefnd skal starfa í samræmi við 12. gr.barnaverndarlaga nr. 80/2002 og sinnir verkefnum sem nefndinni eru falin í lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 og barnalögum nr. 76/2003.

II. Starfsmenn félagsmálanefndar

3. gr.

Starfsmenn félagsmálanefndar kanna og fara með barnaverndarmál eða málaflokka í umboði nefndarinnar og í samræmi við reglur þessar sem settar eru í samræmi við ákvæði 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þá getur nefndin að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórna falið starfsmönnum önnur verkefni á sviði barnaverndar.

4. gr.

Starfsmenn skulu leggja mál fyrir nefndina í eftirtöldum tilvikum:

- Skriflegar áætlanir um meðferð máls skulu lagðar fyrir nefndina til samþykktar
- Þegar ekki tekst samvinna um gerð áætlunar um stuðningsaðgerðir
- Þegar samvinna um framkvæmd áætlunar skv. 19. gr. gengur ekki eftir
- Þegar stuðningur felst í því að barn fari í varanlegt fóstur skv. g-lið 21. gr. bvl.
- Þegar um er að ræða alvarlegt barnaverndarmál eða starfsmaður telur ástæðu til að leggja mál sérstaklega fyrir félagsmálanefnd.
- Þegar beita skal úrræðum skv. 28., 29. og 37. gr.

Mál skal ætíð lagt fyrir félagsmálanefnd með skriflegri greinargerð.

5. gr.

Starfsmenn félagsmálanefndar sem vinna að barnaverndarmálum skulu hafa lokið prófi í félagsráðgjöf. Þá skulu starfsmenn sem ráðnir eru til að vinna fyrir nefndina hafa tilskilin réttindi til að starfa við félagsráðgjöf, sálarfræði, uppeldisfræði eða annað það fag sem tengist vinnu við barnavernd.

6. gr.

Um vanhæfi starfsmanna til meðferðar einstakra mála gildi reglur stjórnáslulaga nr. 37/1993.

7. gr.

Starfsmanni ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Hann má ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því er hann verður vísari í starfa sínum um einkamál manna eða heimilisháttu. Ber honum að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða, eftir því sem best þykir á hverjum tíma.

Starfsmaður skal leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra/forsjáraðila og sýna þeim og öðrum er tengjast máli fyllstu nærgætni og virðingu, er hann kannar og fer með mál.

8. gr.

Starfsmanni ber að skrá mál sem koma til meðferðar á kerfisbundinn hátt og varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sbr. ákvæði 39.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 22. og 23. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.

III. Málsmeðferð hjá starfsmanni

9. gr.

Starfsmaður tekur á móti tilkynningum er varða óviðunandi aðbúnað barna. Skal hann gæta þess að skrá nákvæmlega efni tilkynninga og annað er máli kann að skipta.

Starfsmaður skal vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en félagsmálanefnd. Það á þó ekki við ef um er að ræða tilkynnendur sem hafa stöðu sinnar og starfa vegna afskipti af málefnum barna, sbr. 17. og 3.mgr. 19.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

10. gr.

Starfsmaður hefur umboð til að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi barns sbr. 31. gr. barnaverndarlaga en skal hafa samráð við formann félagsmálanefndar ef unnt er.

11. gr.

Starfsmaður sem fær tilkynningu eða upplýsingar um að aðbúnaði barns sé ábótavant, þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra/forsjáraðila, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar barnsins skal taka ákvörðun um hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu. Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til og skal hún tekin innan sjö daga frá því að tilkynning barst sbr. 1.mgr.7.gr. bvl 80/2002. Starfsmaður skal tilkynna foreldrum/forsjáraðilum að

tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni. Einungis er heimilt að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal starfsmaður þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

Ákvarðanir um að mál skuli ekki kannað skulu lagðar fyrir barnaverndarnefnd til upplýsingar í formi greinargerðar.

12. gr.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra/forsjáraðila þar sem starfsmaður og forsjáraðili/ar undirrita áætlun um framkvæmd könnunar. Starfsmaður skal afla upplýsinga frá þeim, er um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Aflað skal sem gleggstra upplýsinga um hagi barnsins svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag þess. Að jafnaði skal aflað umsagnar skóla barns eða annarar stofnunar þar sem barn dvelur, heimilisaðstæður kannaðar, rætt við foreldra/forsjáraðila. Þá skal að jafnaði aflað upplýsinga frá heilbrigðisyfirvöldum um heilsufar barnsins.

Ef grunur leikur á að framið hafi verið brot gegn barni skal starfsmaður leggja fram kærnu og óska lögreglurannsóknar.

Þegar mál hefur verið nægilega kannað skal starfsmaður taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið hvern úrbóta sé þörf og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. Greinargerð með niðurstöðum könnunar skal kynnt fyrir félagsmálanefnd. Í tilvikum þar sem úrbætur hafa í för með sér útgjöld skulu tillögur um það lagðar fyrir félagsmálanefnd til samþykktar.

Ákvörðun um að loka máli á grundvelli greinargerðar er tekin af félagsmálanefnd.

13. gr.

Leiði könnun í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefnir heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni og þörf er á beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, skal starfsmaður, í samvinnu við foreldra/forsjáraðila gera skriflega áætlun um meðferð máls. Hið sama á við um barn sem hefur náð 15 ára aldri. Áætlunin skal miða að því að bæta aðbúnað eða hegðun barns sem í hlut á. Í áætlun skal koma fram hvaða úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi og í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum/forsjáraðilum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá.

Áætlun skal markaður ákveðinn tími og skal hún kynnt fyrir félagsmálanefnd.

14. gr.

Ef ekki tekst samvinna um gerð eða framkvæmd áætlunar um beitingu úrræða skal starfsmaður einhliða semja áætlun um framvindu máls.

Ef félagsmálanefnd tekur við umsjá eða forsjá barns skal starfsmaður semja skriflega áætlun um tryggja umsjá barnsins. Í áætlun skal tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

15. gr.

Þegar samin hefur verið einhliða áætlun um framvindu máls eða þegar um alvarlegt barnaverndarmál er að ræða, skal málið lagt fyrir félagsmálanefnd til frekari meðferðar.

Leggi starfsmaður mál fyrir nefndina skal það gert með skriflegri greinargerð, þar sem fram koma ástæður fyrir íhlutun starfsmanns, atvik máls og annað er máli kann að skipta.

16. gr.

Áður en mál er lagt fyrir félagsmálanefnd skal starfsmaður tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barns að málið verði lagt fyrir nefndina.

Starfsmaður skal afhenda aðilum greinargerð, áætlun og önnur gögn málsins.

Starfsmaður getur ákveðið, telji hann það andstætt hagsmunum barns, að aðilar fái ekki, að svo stöddu, að kynna sér innihald tiltekinna gagna, þar til félagsmálanefnd hefur tekið endanlega ákvörðun þar að lútandi.

Starfsmaður skal vekja athygli foreldra/forsjáraðila á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli viðkomandi á rétti hans til lögmannaástoðar og mögulega fjárhagsástoð í því skyni sbr. 47.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

17. gr.

Starfsmaður skal án ástæðulausrar tafar og með sannanlegum hætti tilkynna viðkomandi aðilum um bókanir, ákvarðanir og úrskurði félagsmálanefndar. Jafnframt skal þá veita hlutaðeigandi aðila leiðbeiningar um kæruehimildir, þegar þær eru fyrir hendi, kærufresti og hvert beina skuli kærðu.

18. gr.

Starfsmaður skal vinna ársskýrslu um barnavernd. Ársskýrslan skal send Barnaverndarstofu og kynnt félagsmálanefnd á fundi. Þá skal starfsmaður vinna ársfjórðungsskýrslu fyrir nefndina þar sem fram kemur fjöldi barnaverndarmála og staða þeirra í vinnslu.

IV. Umsagnir vegna forsjár- og umgengnismála.

19. gr.

Óski dómsmálaráðuneyti, dómari eða sýslumaður, þegar við á, eftir umsögn félagsmálanefndar áður en forsjár- eða umgengnismáli er ráðið til lykta, skal starfsmaður annast könnun málsins.

20. gr.

Könnun starfsmanns skal miða að því að upplýsa hvernig högum barns hefur verið háttað, aðstæður og möguleika foreldra/forsjáraðila til að annast barn, tengsl foreldra/forsjáraðila og barns og annað er máli kann að skipta. Eftir því sem ástæða þykir til skal forsaga foreldra/forsjáraðila könnuð.

Starfsmaður skal kanna viðhorf barns eftir því sem það hefur þroska til. Starfsmaður getur aflað álits annarra sérfræðinga á einhverju því er að ofan greinir.

21. gr.

Að lokinni könnun skal starfsmaður gera skriflega greinargerð, þar sem fram kemur framkvæmd könnunar og helstu niðurstöður. Aðilum skal gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd könnunar, greinargerð starfsmanns og önnur gögn málsins.

Pegar greinargerð starfsmanns og athugasemdir aðila liggja fyrir skal málið lagt fyrir félagsmálanefnd. Starfsmaður skal vekja athygli aðila á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

22. gr.

Starfsmaður skal á öllum stigum máls leita sátta með aðilum eftir því sem best þykir henta hag og þörfum barns.

Þá skal málið unnið í náinni samvinnu við aðra barnaverndarnefnd ef því er til að dreifa.

V. Aðrar umsagnir

23. gr.

Sé óskað umsagnar vegna ættleiðinga eða skv. ákvæðum barnaverndarlaga, svo sem um hæfi verðandi fósturforeldra eða um leyfi til að reka stofnun eða heimili fyrir börn, skal starfsmaður annast könnun málsins. Starfsmaður skal skrifa greinargerð sem lögð er fyrir félagsmálanefnd. Afhenda skal aðilum greinargerð og gefa þeim kost á að gera athugasemdir munnlega eða skriflega. Aðilum skal jafnframt boðið að mæta á fund nefndarinnar til að gera frekari grein fyrir aðstæðum sínum eða sjónarmiðum.

VI. Gildistaka

24. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu félagsmálanefndar uppsveita Árnessýslu og Flóa.

Samþykkt af félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu og Flóa á fundi nefndarinnar 03.06.08.

Kynnt Barnaverndarstofu með bréfi dags. 24.06.08

Samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar á fundi dags.

Samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps á fundi dags. 03.07.08

Samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps á fundi dags.

Samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps á fundi dags.

Samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps á fundi dags.